

Hafnarfjörður 2. október 2023

Fjárlaganefnd Alþingis
Nefndarsvið
Vegna fjárlaga 2024

Fjármögnun Seiglunnar – þjónustumiðstöðvar fyrir einstaklinga með heilabilun.

Framundan er árið 2024 sem verður þriðja ár reksturs Seiglunnar sem er þjónustumiðstöð einstaklinga á fyrstu stigum sjúkdóma sem valda heilabilun. Starfsemin hefur vaxið og dafnað í tæp tvö ár og eru 33 pláss í Seiglunni. Á bakvið þessi 33 pláss eru um 60 einstaklingar, sumir nýta sér þjónustu Seiglunnar allan daginn alla virka daga en aðrir nýta sér hana hluta úr degi. Myndast hefur biðlisti í Seigluna sem sýnir hversu mikil þörfin er, í dag eru um 55 einstaklingar á biðlista eftir pláss í Seiglunni.

Í Seiglunni er mikilvægt að við séum markvisst að vinna eftir nýjustu rannsóknum um hvernig sé mögulega hægt að minnka einkenni heilabilunar og hægja á framgangi sjúkdómanna. Hver og einn skjólstæðingur fær þjálfunaráætlun þar sem unnið er markvisst að því að virkja einstaklinginn andlega/vitsmunalega, félagslega og líkamlega sem rannsóknir benda til að geti hægt á framgangi sjúkdóma eins og Alzheimer og minnkað einkenni. Með því aukum við lífsgæði skjólstæðinga okkar, léttum undir með aðstandendum og seinkum þörf á umfangsmeiri og kostnaðarsamari þjónustuúrræðum.

Til þess að sinna þessu mikilvæga starfi vel þurfum við um sjö stöðugildi þar sem stafsmannahópurinn er blanda af faglærðum og ófaglærðum einstaklingum. Til samanburðar eru rúmlega sjö stöðugildi um 22 pláss í sérhæfðum dagþjálfunum. Langstærsti kostnaðarliður starfseminnar er launakostnaður.

Á árinu 2023 fengu Alzheimersamtökin 75.000.000 kr. til reksturs Seiglunnar sem dreifðist á 12 mánuði eða 6.250.000 kr. á mánuði. Um mitt ár hækkaði þessi tala vegna hækkunar á fjárframlögum til endurhæfingarstofnana í 6.775.000 kr. á mánuði sem gerir 81.300.000 kr. á ári. Í fjárlögum 2024 lækkar upphæðin í 76.000.000 kr. Nú er komin góð reynsla á reksturinn og komið ákveðið jafnvægi í þjónustuna. Til þess að sinna þessari brýnu þjónustu vel með viðeigandi fagfólki er ljóst að þörfin á árinu 2024 er um 8.000.000 kr. á mánuði eða 96.000.000 kr. á ári.

Við óskum eftir að tryggt verði nægt fjármagn til reksturs Seiglunnar. Einnig óska Alzheimersamtökin eftir að fá að koma til fundar með fjárlaganefnd til að fylgja eftir efni umsagnarinnar.

Guðlaugur Eyjólfsson
Framkvæmdastjóri Alzheimersamtakanna